

ÁRSSKÝRSLA 2024



sóó

Efnisyfirlit A

Starfsemi samtakanna á árinu 2024

- Inngangur
- Um fasteignir SÁÁ
- Starfsemi SÁÁ miðað við tilgang og markmið samþykka SÁÁ
- Lokaorð

Á næstu síðu er **efnisyfirlit B** um starfsemi SÁÁ talin upp eftir 14 markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.



Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

- Sjúkrahúsið Vogur - innlagnarupplýsingar
- Fyrsta skipti á Vogu
- Sjúkrahúsið Vogur - endurkomur
- Sjúkrahúsið Vogur - ungmenni 25 ára og yngri
- Göngudeild Vogs - lyfjameðferð við
- ópíóíðafíkn
- Sjúkrahúsið Vogur - niðurstöður gæðavísa
- Meðferðarstöðin Vík
- Göngudeildir Reykjavík og Akureyri
- Spilameðferð SÁÁ
- Sálfræðiþjónusta barna

Efnisyfirlit B. Starfsemi SÁÁ talin upp eftir 14 markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

1. Að vinna gegn vanþekkingu og fordómum á fíknvanda og því sem honum tengist og hafa áhrif á almenningsálitið með fræðslu um eðli fíknsjúkdóma.
2. Að starfrækja afeitrunar- og endurhæfingarmeðferð fyrir fólk með fíknsjúkdóma.
3. Að starfrækja göngudeild fyrir fólk með fíknsjúkdóma og aðstandendur þeirra.
4. Að starfrækja fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur.
5. Að vinna að fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum.
6. Að styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi,
7. Að skipuleggja sjálfboðaliðastörf og afla fjár til reksturs SÁÁ.
8. Að afla og koma á framfæri til almennings upplýsingum um eðli og umfang þess vanda sem stafar af notkun áfengis og annarra vímuefna.
9. Að leita samvinnu við og styrkja þá starfsemi, sem berst raunhæft við fíknsjúkdóma og afleiðingar þeirra.
10. Að tryggja fólki með fíknsjúkdóma og aðstandendum þeirra læknishjálp og meðferð í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu án þess að sú sjúkdómsgreining leiði til skerðingar.
11. Að vinna að fræðslu og menntun fagstétta sem starfa á sviði heilbrigðisvísinda að lækningu, umönnun og meðferð fólks með fíknsjúkdóma og aðstandenda þeirra.
12. Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ starfi fagfólk úr ýmsum greinum heilbrigðisþjónustunnar. Starfsfólkið skal veita þeim sem leita til SÁÁ vegna fíknsjúkdóma, heilbrigðisþjónustu í hæsta gæðaflokki.
13. Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ verði rekið og stundað öflugt vísindastarf. Rannsakendur á vegum SÁÁ skulu leitast við að stunda og eiga aðild að vísinda- og rannsóknarstarfi í samstarfi, á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.
14. Að vinna að samstarfi við framhaldsskóla og háskóla um menntun á sviðum heilbrigðisvísinda. Á aðalfundi SÁÁ skal gera grein fyrir samstarfi og rannsóknum, ásamt áætlunum um vísindarannsóknir.

Ársskýrsla SÁÁ fyrir starfsárið 2024

INNGANGUR

Hér er gert grein fyrir þeirri starfsemi sem hefur farið fram á liðnu ári ásamt því að gera hefðbundna grein fyrir starfsemi SÁÁ á öllum sviðum.

Starfsemi SÁÁ er bæði viðtæk og viðamikil og spannar fjölbreytt svið heilbrigðis- og samfélagslegrar þjónustu. Á síðustu misserum hefur farið fram markviss endurskipulagning á starfseminni í góðu samráði við stjórn og starfsfólk, með það að markmiði að efla fagmennsku, skýrleika og samfellu í allri þjónustu samtakanna.

Á árinu 2024 lauk viðmiklum breytingum á skipu- og ábyrgðarritum SÁÁ. Tilgangurinn var fyrst og fremst að skipulag starfseminnar væri gagnsætt og skýrt og um leið starfssvið stjórnenda skilgreint.

Ráðinn var nýr forstjóri SÁÁ, Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir (tv) en hún sést hér ásamt formanni SÁÁ, Önnu Hildi Guðmundsdóttur (th).

Að skýrslunni unnu:

Anna Hildur Guðmundsdóttir
Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir
Þórhallur Júlí Aspelund
Stefán Pálsson
Hörður J. Oddfríðarson



Inngangur ársskýrslunnar, framhald

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir helstu verkefnum ársins 2024, bæði þeim sem heyra til hefðbundins reksturs og þeim sem hafa tekið breytingum eða bæst við á árinu.

Heilbrigðisþjónusta SÁÁ er sem fyrr stærsti og veigamesti þáttur starfseminnar og krefst bæði umfangsmikils fjár og mannafla. Þjónustan er heildræn og nær frá stökum viðtölum og ráðgjöf til inniliggjandi afeitrunar á Sjúkrahúsinu Vogu, meðferðar og endurhæfingar á Vík og áframhaldandi göngudeildarþjónustu eftir þörfum. Langflestir einstaklingar sem leita sér hjálpar hjá SÁÁ gera það beint, en einnig koma tilvísanir frá heilsugæslu, öðrum heilbrigðisstofnunum og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Á síðasta ári hefur verið unnið ötullega að því að ná samningum við Sjúkratryggingar Íslands um heilbrigðisþjónustu SÁÁ sem heild. Sú vinna hefur þokast töluvert og á náðist áfangasamkomulag síðasta haust um lyfjameðferð við ópíóðafíkn og tilvísunarkerfi fyrir heilbrigðisstofnanir sem á að flýta þjónustuviðbragði fyrir veikustu einstaklinganna sem til okkar leita.

SÁÁ byrjaði að nota HR monitor fyrir nokkrum árum til að mæla gæði og tengsl, starfsánægju, sjálfstæði til ákvarðanatöku, stuðning frá stjórnendum, kröfur um árangur, framtíðarsýn, áhuga, virðingu og hollustu og þjálfun og þróun meðal starfsfólks SÁÁ. Á árinu sýndu þessar mælingar að starfsánægja hjá SÁÁ hefði aukist á árinu 2024 m/v árin á undan, en HR monitor gerir okkur kleift að fylgjast með þróun þessara þátta og bregðast við ef þarf. Í þessum könnunum getur starfsfólk veitt endurgjöf til SÁÁ.

Tilgangurinn með þessum mælingum er byggður á því að augin starfsánægja eykur árangur í starfi, þar sem ánægt starfsfólk vinnur betur, tekur meira frumkvæði og skilar meiri afköstum. Þá er það vitað að með aukinni starfsánægju fækkar fjarvistum og framleiðni eykst.

Þessar kannanir gefa stjórn SÁÁ einnig upplýsingar um hvað þarf að bæta, hvað er að virka og eru raunverulegur grunnur fyrir stefnumótun innan fyrirtækisins. Þetta gerir markmiðasetningu auðveldari og markmiðin verða meira í samræmi við þarfir starfsfólks og notenda.

Á árinu 2024 var stöðugt og markvisst unnið að því að skapa betra vinnuumhverfi þar sem starfsfólk finnur fyrir öryggi, trausti og stuðningi í sínum störfum.

Inngangur ársskýrslunnar, framhald

Heilbrigðisstarfsfólk SÁÁ starfar með full réttindi og er heilbrigðisþjónustan undir faglegu eftirliti Embættis landlæknis. Rekstur samtakanna hefur jafnframt verið í traustur. Upphaflega annaðist Ríkisendurskoðun endurskoðunina, en undanfarin ár hefur Deloitte á Íslandi sinnt þeirri vinnu í kjölfar útboðs. Þeir skila árlegri endurskoðunarskýrslu um rekstur samstæðu SÁÁ. SÁÁ býr að umfangsmiklum og vönduðum gögnum sem safnast hafa kerfisbundið nánast frá stofnun samtakanna. Þessi gögn eru stöðluð og uppfærð árlega með markvissum hætti. Í þessari ársskýrslu birtast fjölmargar niðurstöður sem byggja á þessum gögnum og veita skýra mynd af þróun áfengis- og vímuefnavanda á Íslandi.

Fáar þjóðir búa yfir sambærilegum gagnagrunni, og gögnin gætu nýst stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum vel við stefnumótun í málaflokknum.

Í samræmi við samþykktir SÁÁ, sem skilgreina tilgang samtakanna í fjórtán töluliðum, er í fyrri hluta skýrslunnar gerð grein fyrir hvernig samtökin hafa unnið að þessum markmiðum á liðnu ári. Í efnisyfirliti skýrslunnar má finna hlekki á hvern og einn þátt þessara upplýsinga.

Fram undan eru tímamót í sögu SÁÁ – árið 2027 fagna samtökin 50 ára afmæli. Undirbúningur þess afmælisárs er þegar hafinn og verður bæði tilefni til að líta um öxl og horfa fram á við með nýrri sýn og metnaði til áframhaldandi þjónustu við einstaklinga og samfélagið allt.



Sjúkrahúsið Vogur, Stórhöfða

FASTEIGNIR SÁÁ

Eigið húsnæði SÁÁ er ein af meginstöðum starfseminnar

SÁÁ hefur á liðnum áratugum komið nánast allri starfsemi sinni fyrir í eigin húsnæði sem uppfyllir allar kröfur heilbrigðisþjónustunnar. Það að hafa starfsemina í eigin húsnæði, sem uppfyllir nútíma kröfur um aðbúnað og umhverfi er mikilvægt þegar verið er að hjálpa fólki að takast á við sjúkdóma eins fíknsjúkdóm. Virðing gagnvart verkefninu endurspeglast oft í þeirri aðstöðu sem boðið er upp á og þeim mun betri sem hún er, aukast líkur á árangri.

Á liðnu starfsári hefur áfram verið unnið að því að endurbæta aðstöðuna á Vogu, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. Til þess var notaður sérstakur styrkur frá Oddfellow. Mikil vinna var lögð í að endurbæta matsal og sjúklingaaðstöðu í kringum hann. Öllum eignum SÁÁ er viðhaldið eftir þörfum og þess gætt að þær rýrni ekki. Þá var tekin ákvörðun að flytja starfsemi göngudeildar á Akureyri í húsnæði sem leigt er af Sálfræðiþjónustu Norðurlands, en ennþá á eftir að taka ákvörðun um hvað við gerum við húsnæðið sem við eigum í Hofsbót 4 á Akureyri.

Eignir SÁÁ eru:

Sjúkrahúsið Vogur er eina sérbyggða afeitrunarsjúkrahúsið í Evrópu, opnaði í desember 1983. Tvær álmur til viðbótar voru síðar byggðar við húsið.

Meðferðarstöðin Vík var opnuð í desember 1991 og var endurbyggð og opnuð aftur í mars 2018 og tók um leið yfir þá starfsemi sem hafði verið á Staðarfelli frá árinu 1980.

Göngudeild í Reykjavík og skrifstofur SÁÁ eru í Von sem opnaði í október 2006.

Göngudeild á Akureyri hefur verið starfrækt frá 1989 og er nú í leiguhúsnæði hjá Sálfræðiþjónustu Norðurlands. Að auki á SÁÁ íbúð fyrir starfsfólk í Hafnarstræti 26a á Akureyri.

Þá rekur SÁÁ búsetuúrræðið Vin á Stórhöfða að hluta til í eigin húsnæði.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Fræðsla gegn vanþekkingu og fordómum

Markmið 1

„Að vinna gegn vanþekkingu og fordómum á fíknvanda og því sem honum tengist og hafa áhrif á almenningsálitið með fræðslu um eðli fíknsjúkdóma.“

Ambassador - verkefnið

Verkefnið miðar að því að gera SÁÁ raunverulega að landsamtökum og reyna að tryggja sem best góða þjónustu við fólk með fíknsjúkdóma og aðstandendur þeirra, hvar sem fólk býr og að skoða þörf á fræðslu og öðru sem SÁÁ getur veitt.

Verkefnið byggir á fjórum stöðum:

- Að kynna SÁÁ um allt land með það að markmiði
- Að ná tengslum við forystufólk í sveitarstjórnnum og upplýsa stjórnmalafólk um lausnir sem þegar eru til staðar í tengslum við fíknvanda
- Að ná tengslum við starfsfólk velferðarþjónustu, heilsugæslu, grunnskóla, framhaldsskóla og íþrótt- og tómstundafélaga, með það fyrir augum að kynna þeim þá þjónustu og lausnir sem til eru, möguleika á fræðslu fyrir starfsfólk þessara aðila, möguleika á fræðslu fyrir íbúa með sérstakri áherslu á ungt fólk og aðra þá sem eru í sérstakri áhættu að þróa með sér fíknsjúkdóma/-vanda
- Að ná tengslum við einstakling/a í sveitarfélaginu sem væru tilbúnir að vera einhverskonar umboðsmenn SÁÁ á ýmsum sviðum.

Fræðsla gegn vanþekkingu og fordómum - frh. 1

Þegar er byrjað að fara inn í lykilsveitarfélög til að leggja línur og kanna þörf. Þar á meðal til Ísafjarðar, Vestmannaeyja, Egilsstaða og Fjarðabyggðar. Næst stendur til að fara til Akureyrar og hefja aðra yfirreið, hitta fyrir sveitarfélög nær höfðuborginni og svo þau sem eru minni. Þá verður farið aftur á staðinn þegar búið er að kortleggja þörfina og þá þjónustu sem hægt er að veita. Mikilvægt að kortleggja atvinnustarfsemi á hverjum stað og kanna hvort og þá hvernig fyrirtæki geta stutt við verkefnið. Þetta verkefni verður unnið út árið 2025 og a.m.k. fram á árið 2027.

Framleiðsla á rafrænu fræðsluefni vegna spilafíknar

Verkefnið er unnið í samvinnu og með stuðning frá Getspá/Getraunum.

Markmið verkefnisins eru að ná spilavandanum upp á yfirborðið og minnka fordóma, ná til þeirra sem þegar hafa þróað með sér spilafíkn/vanda, ná til þeirra sem eru að byrja að lenda í vanda og ná til aðstandenda þeirra allra og veita þeim þjónustu í formi upplýsinga eða meðferðar.

Verkefnið er fjórþætt:

Að þróa sameiginlegt upplýsingarit SÁÁ og Getspár/Getrauna sem G/G geta sent rafrænt til þeirra sem eru að fara fram úr eigin markmiðum um spilun.

Að búa til sérstaka fræðslu sem getur nýst íþróttafélögum, -bandalögum og -samböndum til að vinna gegn íþróttaveðmálum innan íþróttahreyfingarinnar. Þar þyrfti auðvitað að leita fulltingis ÍSÍ. Að auka og þróa þjónustu við aðstandendur þeirra sem eru með eða eru að byrja að þróa með sér spilafíkn/vanda.

Að þróa sérstaka fræðslu um spilafíkn og afleiðingar hennar, fyrir starfsfólk Getspár/Getrauna og íþróttahreyfingarinnar.

Þetta verkefni mun ná a.m.k. fram á árið 2025.

Gæði og árangur – málþing SÁÁ

- Heilbrigðisráðuneyti, Embætti landlæknis og Sjúkratryggingum Íslands boðið með
- Unnið í samstarfi við LSH, Krýsuvík og Samhjálp
- Pallborð með öllum framboðum fyrir alþingiskosningar 2024

Fræðsla gegn vanþekkingu og fordómum - frh. 2



Þátttaka í málþingi um viðhaldsmeðferðir á vegum Matthildarsamtakanna þar sem aðalfyrirlesari var Thilo Beck, geðlæknir frá Sviss, en hann kom einnig í heimsókn til SÁÁ og kynnti sér starfssemi Vogs. Valgerður Rúnarsdóttir framkvæmdastjóri lækninga SÁÁ var með erindi á málþinginu.

Sýnileiki í samfélaginu m.a. á samfélagsmiðlum

- Allt annað líf, jóladagatal með ábendingum sem snúa að líkamlegri og andlegri heilsu
- Traustir vinir SÁÁ, gestum boðið til samtals um fíknsjúkdóminn
- Vissir þú... fræðslumolar um fíknsjúkdóminn og bata
- Þátttaka í opinni vinnustofu vegna stefnu í áfengis- og vímuvarnarmálum
- Þátttaka í Torginu, sjónvarpsþætti um áfengissölu
- Viðtöl í útvarpi, m.a. RÚV, Bylgjunni og Samstöðinni.
- Þátttaka í Gulum september
- Spurt og svarað á Instagram
- Þátttaka í Sjónaukanum, árlegri ráðstefnu heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri
- Hjúkrunarfræðingar SÁÁ voru með fræðslu fyrir fagfólk á Bráðamóttöku LSH
- Fagstjórar SÁÁ voru með fræðslu fyrir „Náum áttum“
- Ráðgjafar „Atvinna með stuðningi“ fengu fræðslu um Vík
- Forstjóri SÁÁ var með erindi fyrir Stjórnvísi um „Stefnumiðaða stjórnun“

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Sjúkrahúsið Vogur og meðferðarstöðin Vík á Kjalarnesi

Markmið 2

„Að starfrækja afeitrunar- og endurhæfingarmeðferð fyrir fólk með fíknisjúkdóma.“



SÁÁ heldur úti veigamestu afeitrunar- og endurhæfingameðferð á Íslandi. Þess verður víða vart um allt samfélagið. En SÁÁ heldur einnig saman tölfræðiupplýsingum um starfsemina þar sem má sjá árangur ársins en einnig samanburð milli ára. Hér að neðan eru tilvísanir í tölfræðiupplýsingar úr heilbrigðisþjónustunni.

Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

- Sjúkrahúsið Vogur - innlagnarupplýsingar
- Fyrsta skipti á Vogu
- Sjúkrahúsið Vogur - endurkomur
- Sjúkrahúsið Vogur - ungmenni 25 ára og yngri
- Göngudeild Vogs - lyfjameðferð við ópíóíðafíkn
- Sjúkrahúsið Vogur - niðurstöður gæðavísa
- Meðferðarstöðin Vík

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Göngudeildir í Reykjavík (Von) og á Akureyri

Markmið 3

„Að starfrækja göngudeild fyrir fólk með fíknsjúkdóma og aðstandendur þeirra.”

SÁÁ starfrækir göngudeildir bæði í Reykjavík og á Akureyri og heldur einnig saman tölfræðiupplýsingum um þá starfsemi. Þar má sjá árangur ársins og samanburð milli ára.

Hér að neðan eru tilvísanir í tölfræðiupplýsingar heilbrigðisþjónustunnar.

Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

- [Göngudeildir Reykjavík og Akureyri](#)



Von, Efstaleiti 7 Reykjavík

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Þjónusta við börn, foreldra og aðra aðstandendur

Markmið 4

„Að starfrækja fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur fólks með fíknisjúkdóma, þ.m.t. börn.“



Fjölskyldunámskeið SÁÁ

Hafa verið haldin óslitið frá upphafi

- Ennþá vel sótt og mikil ánægja þeirra sem koma. Átta kvöld þar sem veitt er mikil fræðsla og svo góð úrvinnsla í hópvinnu auk þess sem fólk fær heim með sér lesefni og verkefni til að vinna á milli tíma

Foreldrakvöld

er þjónusta sem var sett af stað á árinu 2023 til þess m.a. að bregðast við lengingu biðlista eftir sálfræðiþjónustu barna. Þau eru haldin reglulega til að einfalda aðstandendum að ræða fíkn við börn.

Sálfræðiþjónusta barna

Þjónusta sem er alfarið rekin á styrkveitingum. Þjónustan var opin sumarið 2024 þrátt fyrir sumarlokun í göngudeildum og á Vík. Einnig er farið til Akureyrar til að sinna börnum þeim megin á landinu, fyrsti tíminn á staðnum en aðrir tímar eru í fjarþjónstu.

Foreldrafærninámskeið

Námskeiðið er fyrir foreldra ungmenna (18-25 ára) með fíknivanda. Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu aðstandenda á fíknivanda ungmenna og efla foreldra til að hafa áhrif á aðstæður sínar.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Fræðsla fyrir skjólstæðinga og endurhæfing þeirra

Markmið 5

„Að vinna að fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum sem og endurhæfingu skjólstæðinga sinna.“

Af ýmsu er að taka því mörg verkefni skarast við þetta markmið. Meðal þess sem má nefna er eftirfarandi:

- Sálfræðiþjónusta barna
- Edrúar
- Vin - búsetuúrræði
- SÁÁ átti aðkomu að þýðingu og fyrirlögn spurningalista vegna verkefnis Pompidou hóps Evrópuráðsins, sem snýr að feðrum með fíknsjúkdóma

- Hafið samtalið við Gunnar Sigurðsson, leikstjóra og Guðmund Inga Þorvaldsson, leikara, um að endurvekja samstarf um „Hvað ef...?“ sem er skemmtifræðsla fyrir ungmenni. Skemmtifræðslan var í upphafi í samstarfi við SÁÁ og gekk óslitið 2005 til 2016.
- SÁÁ hefur tekið þátt í að þróa „Bataappið“ sem er íslenskt snjallforrit sem hannað er til að styðja fólk í bataferli, sérstaklega þeim sem eru að vinna að edrúmennsku eða andlegri vellíðan. Forritið er þróað af Rekovy ehf. Verkefnið komst verulega á skrið 2024.
- SÁÁ undirbjó innleiðingu AWARE mælitækisins (forspá fyrir bakslag), sem lið í batamælingum.
- Sett var upp námskeið í núvitund í göngudeild

Ýmislegt

- Fræðsluefni á Instagram og víðar
- Reykjavíkur maraþon - lögð var áhersla á að minna á heilbrigðan lífstíl „Allt annað líf“
- Gulur september
- Heimspekikaffi með Gunnari Hersveini og fleirum

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Símenntun starfsmanna og aukin fagleg innsýn

Markmið 6

„Að styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi, svo og til annarra starfa málefningu viðkomandi.“

Starfsfólk SÁÁ sótti ýmsar ráðstefnur s.s.

- ISAM í Istanbul
- ASAM í Texas
- NAADAC í Washington
- Lisbon Addiction

Þrír ráðgjafar útskrifuðust og luku handleiðslu sem spilaráðgjafar með fjárhagsstuðningi frá Hapdrætti Háskóla Íslands og Íslandsspilum.

Tveir starfsmenn fóru á námskeið um núvitund til aflu sér réttinda til kennslu í núvitund.

Stjórnendur SÁÁ funduðu með Félagi áfengis- og vímuefnaráðgjafa, FÁR, til að ræða framtíðarsýn og stöðu ráðgjafastéttarinnar.

Björgvin Franz Gíslason kom á vegum fræðslunefndar SÁÁ og hélt erindi fyrir starfsfólk SÁÁ. Erindið nefnist „Okið undan sjálfum mér“ og fjallar um hvernig fólk getur hugsað betur um sig.

Pieta samtökin komu með fræðslu fyrir starfsfólk SÁÁ í tengslum við Gulan september.

Fundað var með starfsfólki Heilbrigðisráðuneytisins um framtíðarskipan náms í áfengis- og vímuefnaráðgjöf. Bóklegi hluti námsins hefur verið færður til Háskólans á Akureyri með fjármagni frá ríkinu og starfsnámið fer fram hjá SÁÁ. Samhliða er verið að endurskoða skilyrði fyrir starfsleyfi áfengis- og vímuefnaráðgjafa í ráðuneytinu.

Helga Sif Friðjónsdóttir starfsmaður Heilbrigðisráðuneytisins kom og kynnti stefnu í skaðaminnkun.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Fjáraflanir og þátttaka sjálfbóðaliða í starfinu hjá SÁÁ

Markmið 7

„Að skipuleggja sjálfbóðaliðastörf og afla fjár til reksturs SÁÁ.”



Allt annað líf

Samskipta og kynningarmál

Samskipta og kynningarmál heyra undir Skrifstofu forstjóra sem hefur umsjón með öllu markaðs og kynningarstarfi samtakana. Fjáröflun er stór hluti af verkefnum ásamt umsjón með félags- og viðburðastarfi samtakana.

Helstu verkefnin voru að þróa álfinn og viðhalda góðri ásýnd hans í vitund þjóðarinnar.

Vitundarvakning í febrúar, **Edrúar febrúar** þar sem tilgangurinn er vekja athygli á þeim heilbrigða lífsstíl sem fylgir því að sleppa því að neyta áfengis og vímuefna. Fengum góð viðbrögð en þessi vitundarvakning er árleg hjá okkur.

SÁÁ tók þátt í **Gulum september**, en það er samvinnuverkefni stofnana og félagasamtaka sem vinna saman að geðrækt og sjálfsvígsforvörnum. Stefnt er að því að vera áfram hluti af Gulum september.

Sorpa og Góði hirðirinn voru í samstarfi við SÁÁ í aðdraganda jóla og ágóði árlegs uppboðs hjá Góða hirðinum rann til SÁÁ.

Fjáraflanir, samvinnuverkefni og félagsstarf frh.

Félagsstarfið

Félagsstarfið var að vanda fjölbreytt og er áherslan lögð á færri en stærri viðburði í starfinu.

- Fjölskyldudagur SÁÁ í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum stækkar með hverju ári og er að festa sig í sessi
- Golfmót SÁÁ var haldið á Brautarholtsvelli í ágúst
- Edrúdagurinn var haldinn, en sá dagur tengist afmælisdegi SÁÁ sem er 7. október
- Fræðslu-/félagsfundir undir heitinu “Traustir vinir SÁÁ” voru settir af stað. Meðal gesta á árinu var Kristrún Frostadóttir núv. forsætisráðherra
 - Gestgjafar traustra vina eru þeir Ásmundur Friðriksson og Sigurður Friðriksson
- Bubbi Morthens tónlistarmaður var með tónleika í Von
- Reykjavíkumaraþonið var vel sótt og margir sem hétu á SÁÁ og var það notað til að vekja athygli á meðferð við spilafíkn
 - Vinna við undirbúning fyrir maraþonið hófst strax á hausmánuðum 2024

Álfasalan var að vanda í maí og desember og gekk salan vel. Álfasalan er okkar mikilvægasta fjáröflun og alltaf stemming þegar undirbúningur og salan sjálf fer fram. Í maí var samstarf við Hopp vegna álfasölunnar.

Jólaálfurinn er ekki síður mikilvægur og þar vorum við í samstarfi við mikið hæfileikafólk sem lagði okkur til lag og flutning í auglýsingaherferðinni fyrir jólaálfinn.

Vinnustaðavakt SÁÁ (samstarf, fræðsla og stuðningur) er ráðgjöf um forvarnir og viðbrögð varðandi mögulegan áfengis- og vímuefnavanda á vinnustaðnum. Þannig fái stjórnendur innsýn í hvernig best sé að takast á við mál sem upp koma í þessum efnum. Jafnframt verði starfsfólk betur upplýst, jafnt um eigin aðstæður og samstarfsfólks. Um tólf fyrirtæki í mánaðarlegri áskrift. Unnið var að gerð fræðsluefnis fyrir fyrirtækin og þau eru heimsótt ef þess er óskað. Þetta verkefni þróast hægt og örugglega mun halda áfram næstu ár.



Fjáraflanir, samvinnuverkefni og félagsstarf frh.

Söfnunnarkassar SÁÁ

Söfnunarkassar SÁÁ, sem hafa aðallega verið í verslunum ÁTVR eru úr sér gengnir og hafa verið fjarlægðir. Nýir kassar með nútíma greiðslumöguleikum hafa verið hannaðir og smíðaðir og er unnið að því að koma þeim upp á sömu stöðum og gömlu kassarnir stóðu. Við eigum ennþá aðgang að Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir söfnunarkassa og SÁÁ er í þróunarvinnu með Vínbúðunum vegna þessa.

Gjafir og styrkir

Gjafir og styrkir ýmiskonar berast SÁÁ, frá fólki og fyrirtækjum sem vilja samtökunum og starfseminni vel. Þar má nefna að SÁÁ var ánafnað tveimur íbúðum, Oddfellow veitti okkur styrk og Costco sendi SÁÁ gjöf. Ölgerðin veitti SÁÁ veglegan fræðslustyrk. Þá sækir SÁÁ um margvíslega styrki í mismunandi verkefni, en mjög misjafnt er hvernig úthlutunarreglur styrktarsjóða og fyrirtækja eru. Því er mikilvægt að vera á tánum og fylgjast vel með.

Við fengum styrki frá:

- Íslandsspilum
- Hapdrætti Háskóla Íslands
- Íslenskri Getspá
- Lýðheilsusjóði vegna:
 - Sálfræðiþjónustu barna
 - Sækjum Ísland heim (Ambassador)
 - Fræðsluefnis um spilafíkn
 - Bataappið

Sótt var um styrk til Fléttunnar á vegum Háskóla- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir eftirtalið verkefni:

- Skræða, innleiðing sjúkraskrár samþætts lyfjaávisunarkerfis hjá SÁÁ (á Vog), hlaut 10.000.000 króna styrk

Styrkbeiðnir voru sendar til Lýðheilsusjóðs vegna:

- FreD goes Net
- Bataappið
- Hvað ef...?
- Sálfræðiþjónustu barna
- Nikótínmeðferð í samstarfi við Láru G. Sigurðardóttur lækni

Þess má geta að Bataappið fékk sprotastyrk.

Einnig var send styrkbeiðni til Félagsmálaráðuneytisins vegna Ambassadorverkefnisins. Ekki voru komin svör frá styrkveitendum um áramót.

Við fegnum sérstakan styrk frá Barnamálaráðherra vegna Sálfræðiþjónustu barna.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Upplýsingamiðlun til almennings um fíknivandann

Markmið 8

„Að afla og koma á framfæri til almennings upplýsingum um eðli og umfang þess vanda sem stafar af notkun áfengis og annarra vímuefna.“

Umræða í fjölmiðlum

Upplýsingamiðlun SÁÁ í gegnum fjölmiðla er algengasta og um leið áhrifaríkasta leiðin til að miðla upplýsingum um alvarleika fíknisjúkdómsins og þær leiðir sem hægt er að fara til að ná tökum á honum.

Hjá SÁÁ er viðtæk þekking á fíknisjúkdómnum og meðferð hans og því leita fjölmiðlar mjög oft til samtakanna til að varpa ljósi á hann og þau úrræði sem standa til boða. Formaður og heilbrigðisstarfsfólk SÁÁ taka einatt vel í að veita upplýsingar og mæta í viðtöl.

Þar sem fíknisjúkdómurinn snertir ekki aðeins þau sem glíma við sjúkdóminn heldur einnig aðstandendur, vini, vinnuveitendur og í raun þjóðfélagið allt, þá er umræðan oftast á víðum grundvelli.

Þá býr SÁÁ að miklu gagnasafni um þróun fíknisjúkdómsins og notkun vímuefna síðastliðna áratugi. Þórarinn Tyrfingsson fyrrum yfirlæknir SÁÁ og formaður samtakanna hóf ítarlega skráningu á högum skjólstaðinga á Vogu árið 1984 og er það undirstaða þeirrar skráningar sem enn er við lýði.

Ingunn Hansdóttir framkvæmdastjóri meðferðasviðs SÁÁ mætti í Torgið, umræðuþátt um sölu áfengis á Íslandi.

Anna Hildur Guðmundsdóttir formaður SÁÁ og Valgerður Rúnarsdóttir framkvæmdastjóri lækninga SÁÁ tóku þátt í umræðum á RÚV, Samstöðinni og víðar.

Ríkisendurskoðun gaf út hraðúttekt um ópióðavanda á Íslandi. Margt í þeirri úttekt byggðist á upplýsingum frá SÁÁ.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Samvinna við aðra á sviði meðferðar við fíknsjúkdómnum

Markmið 9

„Að leita samvinnu við og styrkja þá starfsemi sem berst raunhæft við fíknsjúkdóma og afleiðingar þeirra.”

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir forstjóri SÁÁ flutti erindi á aðal- og ársfundi Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, um „Hvernig best er að reka heilbrigðisþjónustu“ með framkvæmdastjóra SFV.

Góð samskipti voru við Heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands á árinu og góð von um að þau samskipti haldi áfram á svipuðum eða betri nótum en áður.

Áfangasamkomulag náðist við Sjúkratryggingar Íslands vegna lyfjameðferðar við ópíóðafíkn og flýtiþjónustu SÁÁ v/innlagnarbeiðna frá heilbrigðisstofnunum.

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir forstjóri SÁÁ sat í starfshópi Heilbrigðisráðuneytisins um skaðaminnkun.

Ingunn Hansdóttir framkvæmdastjóri meðferðarsviðs hjá SÁÁ sat í starfshópi Heilbrigðisráðuneytisins um stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum.

Prescriby opnaði móttöku fyrir einstaklinga í niðurtröppun ávanabindandi lyfja í húsnæði SÁÁ (VON). Þetta er samstarfsverkefni Prescriby, Heilbrigðisráðuneytisins og SÁÁ sem tekur þátt í verkefninu á grundvelli styrkveitingar. Móttakan opnaði 15.október 2024 að viðstöddum heilbrigðisráðherra.

Samstarf var haft við fjölmarga aðila í heilbrigðis- og velferðarkerfinu við úrlausn og framgang mála. Samvinnan við þá aðila var mikil og góð. Markmið samstarfsins ræðst ávallt af hagsmunum skjólstæðinga okkar.

Samvinna við aðra frh.

Fundur var haldinn með Velferðarsviði Reykjavíkur vegna fólks með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Haldinn var samráðfundur með Heilbrigðisráðuneyti vegna fikni- og geðþjónustu yfir sumartímann.

Þá var innleiddur tilvísunarferill og beiðnakerfi fyrir heilsugæslu til SÁÁ.

Almennt tilvísunarform til SÁÁ innleitt á Landspítala háskólasjúkrahúsi og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Haldið var áfram þróun á Bataappinu í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.

Farið var mjög víða með kynningu á starfsemi SÁÁ.

SÁÁ var í samstarfi við nýsköpunarfyrirtæki í tæknilausnum, til að innleiða rafræna lyfjaumsýslu og sótti um styrki til þeirra hluta í samstarfi við þau fyrirtæki.

Unnið að innleiðingu AWARE mælitækisins (forspá fyrir bakslag), sem lið í batamælingum.

Fundað með DeCode um mögulegt samstarf vegna árangursmælinga.

SÁÁ tók þátt í Velsældarþingi í Hörpu þar sem aðkoma var frá Embætti landlæknis, forsætisráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu.

SÁÁ tók þátt í vinnustofu Heilbrigðisráðuneytisins vegna vímuefnaeðferða í fangelsum.

Samvinna við aðra frh.

Fræðsluerindi voru skipulögð og flutt m.a. fyrir:

- Endurhæfingarráð
- Læknar 32A (fíknigeðdeild) heimsóttu Vog og fengu fræðslu
- Læknar smitsjúkdómadeildar (A7) fengu fræðslu
- 25 lækna frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Fræðsla fyrir fagfólk á Bráðamóttöku LSH
- Fagstjórar SÁÁ voru með fræðslu fyrir „Náum áttum“, samstarfshóp um fræðslu- og forvarnarmál
- Ráðgjafar „Atvinna með stuðningi“ fengu fræðslu um Vík
- Píeta samtökin fengu fræðslu um SÁÁ

Stjórnsmál og hagsmunaaðilar

- Miðflokkurinn fékk fræðslu vegna málefnavinnu hjá þeim
- Oddfellow fékk fræðslu í tengslum við styrki frá þeim
- SÁÁ mætti á opinn fund hjá Viðreisn
- SÁÁ mætti á fund hjá Lyfjafræðingafélaginu
- SÁÁ var á streymi hjá Læknafélagi Íslands
- Haldinn var rýnifundur með notanda þjónustunnar

Samstarf m.a. við:

- Íslandsspil v/spilafíknar
- Happpdrætti Háskóla Íslands v/spilafíknar
- Íslenska Getspá v/spilafíknar
- Akureyrarbæ v/göngudeildarþjónustu
- Sameind v/blóðrannsóknna
- Láru G. Sigurðardóttur og Tómas Guðbjartsson v/ útgáfu reykleysisbæklings
- Embætti landlæknis v/þátttöku í Gulum september
- Embætti landlæknis v/ aðgerðaráætlunar vegna sjálfsvíga
- Heilbrigðisráðuneytið, Emætti landlæknis, Landspítali háskólasjúkrahús, Krýsuvík og Samhjálp v/Málþings SÁÁ Samstarf til árangurs”. Heilbrigðisráðuneytið veitti sérstakan styrk fyrir málþingið
- Sóttur fundur með Juliu Buxton sem er prófessor í afbrotafræði í Heilbrigðisráðuneytinu
- Sóttur fundur í Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu vegna verkefnisins „lyf án skaða“
- Þátttaka í upplýsingaöflun vegna stefnumótunarvinnu innan Evrópusambandsins um stefnu í áfengis- og tóbaksvörnum

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Gætt að læknishjálp, réttindum og meðferð

Markmið 10

„Að tryggja fólki með fíknsjúkdóma og aðstandendum þeirra læknishjálp og meðferð í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu án þess að sú sjúkdómsgreining leiði til skerðingar.”

SÁÁ og Sjúkratryggingar Íslands settust að samningaborðinu til að ræða nýjan heildarsamning um starfsemi SÁÁ.

- Þingflokkar fengu kynningu á starfsemi SÁÁ á starfsárinu SÁÁ fór að venju með erindi fyrir fjárlaganefnd
- Starfsfólk og stjórnarfolk SÁÁ situr í ýmsum starfshópum sem varða málefnið
- Erindi sent fjárlaganefnd vegna fjárlaga 2025
- Sjúkratryggingar Íslands komu í heimsókn á Vog og fengu kynningu á starfseminni og miklar upplýsingar um uppbyggingu meðferðar
- Fundað með starfshópi Heilbrigðisráðuneytisins vegna grænbókar ADHD meðferðar



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Unnið að fræðslu og menntun fagstétta í heilbrigðisþjónustu

Markmið 11

„Að vinna að fræðslu og menntun fagstétta sem starfa á sviði heilbrigðisvísinda að lækningu, umönnun og meðferð fólks með fíknisjúkdóma og aðstandenda þeirra.“

Ýmsar beiðnir um fræðslu og móttöku gesta bárust SÁÁ árinu 2024. Almennt er mikið leitað til SÁÁ um fræðslu til fagstétta byggða á þekkingu og reynslu starfsfólks SÁÁ. Flestum þessara beiðna er vel tekið eða komið í eðlilegan farveg.

Starfsfólk SÁÁ var meðleiðbeinendur í tveimur BS verkefnum nemenda við Háskóla Íslands.

- Silja Arnbjörnsdóttir Ólafsson, lokaverkefni til BS prófs í Læknisfræði: „Árangur af meðferðaráttaki gegn lifrabólgu C á Íslandi 2016-2023“. Meðleiðbeinendur voru Valgerður Rúnarsdóttir og Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir.
- Benedikt Burkni Þorvaldsson, lokaverkefni til BS prófs í Læknisfræði: „Þróun innlagna ungmenna á Vogu frá aldamótum“. Meðleiðbeinandi var Valgerður Rúnarsdóttir.

Nemar í heilbrigðisstéttum eru með verknámspláss á sjúkrahúsinu Vogu.

- Kennsla fyrir nema í læknisfræði, sálfræði, hjúkrunarfræði og sjúkraliða
- Öll starfsþjálfun áfengis- og vímuefnaráðgjafanema
- Starfsþjálfun fyrir nema í klínískri sálfræði (1200 stundir)
- Fræðsla fyrir fagfólk annarra heilbrigðisstofnana s.s. Bráðmóttöku LSH, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, fíknigeðdeild, göngudeild smitsjúkdóma og fleiri.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Fagfólk veitir heilbrigðisþjónustuna

Markmið 12

„Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ starfi fagfólk úr ýmsum greinum heilbrigðisþjónustunnar. Starfsfólkið skal veita þeim sem leita til SÁÁ vegna fíknsjúkdóma, heilbrigðisþjónustu í hæsta gæðaflokki.“

Í heilbrigðisþjónustu SÁÁ er starfandi fagfólk úr eftirfarandi starfsstéttum:

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar
Félagsráðgjafar Lýðheilsufræðingar
Heilbrigðisgagnafræðingar
Hjúkrunarfræðingar
Læknar
Sálfræðingar
Sjúkraliðar
Nemar í heilbrigðisvísindum

Frá upphafi hefur starfsfólk SÁÁ lagt sig fram um að veita heilbrigðisþjónustu í hæsta gæðaflokki miðað við kröfur hvers tíma. Svo er enn og þjónustan er í samræmi við þau lög og reglugerðir sem um hana gilda.

Á árinu var gerð úttekt á vegum Heilbrigðisráðuneytisins um stöðu áfengis- og vímuefna meðferðar á Íslandi (Kattau skýrslan) og í kjölfarið skipaður starfshópur þar sem SÁÁ mun eiga fulltrúa.

Gerðar voru breytingar á vinnukerfi áfengis- og vímuefnaráðgjafa, en þeir hafa í um 20 ár gengið vaktir á kvöldin og um helgar. Því hefur verið hætt, þannig að nú eru áfengis- og vímuefnaráðgjafar í vinnu á virkum dögum þar sem þeir nýtast best í meðferðarstarfinu.

SÁÁ tók upp vendikennslu við móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna, en það vísar til ferlisins þar sem nýir starfsmenn eru kynntir fyrir vinnustaðnum, hlutverki sínu, vinnuferlum og menningu fyrirtækisins. Þetta ferli auðveldar nýliðum að aðlagast starfinu, öðlast sjálfstraust í hlutverki sínu og verða virkir þátttakendur í starfi og teymi sem fyrst.

Falleg mynd af VÍK



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Vísinda- og rannsóknarstarf innanlands og utan

Markmið 13

„Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ verði rekið og stundað öflugt vísindastarf.

Rannsakendur á vegum SÁÁ skulu leitast við að stunda og eiga aðild að vísinda- og rannsóknarstarfi í samstarfi, á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.”

Á liðnu starfsári var fram haldið öflugtu samstarfi við ýmsa aðila á sviði rannsókna og vísinda.

SÁÁ tók þátt í rannsókn á mögulegum orsökum sjálfsvíga á Íslandi í samvinnu við Embætti landlæknis og Miðstöð lýðheilsuvísinda Háskóla Íslands.

SÁÁ hefur átt í samstarfi við DeCode vegna rannsókna á erfðafræði fíknisjúkdóms og við búumst við því að það haldi áfram.

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir forstjóri SÁÁ kynnti ágríp á INHSU (International network for hepatitis in substance users) þingi og hlaut verðlaun fyrir:

- AFTER ELIMINATION: THE IMPORTANCE OF ADDICTION MEDICINE IN SUSTAINING LOW HCV PREVALENCE AMONG PWID
 - Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, Valgerður Rúnarsdóttir, Júlí G. Aspelund, Magnús Gottfreðsson, Þorvarður J. Löve, Sigurður Ólafsson

SÁÁ hóf samtal um þátttöku í atvinnustuðningsrannsókn IPS (**Individual Placement and Support** sem er sérhæft úrræði fyrir fólk með alvarlegar geðraskanir sem vill komast út á vinnumarkaðinn).

ASAM (American Society of Addiction Medicine) óskaði eftir fræðimannavinnu frá Ingunni Hansdóttur, framkvæmdastjóra meðferðarsviðs SÁÁ og er hún í ritnefnd við gerð klínískra leiðbeinginga um fíknimeðferð ungmenna, fyrir 4.útgáfu ASAM principles of Addiction Medicine.

Nýtt samstarf á vettvangi vísinda og rannsókna við Háskólann í Reykjavík lofar góðu en um tvö verkefni er að ræða:

- Verkefni um hagnýtingu stafrænna lausna í meðferðarstarfi
- Rannsókn á áhrifum fíknivaka á heila

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Samstarf um menntun á sviði heilbrigðisvísinda

Markmið 14

„Að vinna að samstarfi við framhaldsskóla og háskóla um menntun á sviðum heilbrigðisvísinda.“

Samstarf við Háskólann á Akureyri er mjög mikið en skólinn býður nú upp á bóklegt nám í fíkniráðgjöf (nám fyrir verðandi áfengis- og vímuefnaráðgjafa). Þar sinnir fagfólk SÁÁ kennslunni ásamt öðrum.

Fagfólk SÁÁ sinnir einnig reglulegri kennslu í deildum Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík:

- Félagsráðgjafadeild HÍ
- Hjúkrunarfræðideild HÍ
- Læknadeild HÍ
- Sálfræðideild HÍ
- Sálfræðideild HR

Sálfræðinemar frá Háskólanum í Reykjavík sóttu klíníska þjálfun hjá SÁÁ.

Þá sinnir fagfólk SÁÁ verknámskennslu á framhaldskólastigi fyrir sjúkraliða.



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



HÁSKÓLI
ÍSLANDS

LOKAORÐ

Ávinningurinn af því að takast á við fíknsjúkdóminn

Til mikils er að vinna að skapa tækifærin fyrir allt annað líf með þeim úrræðum sem SÁÁ hefur að bjóða. (AHG 2023)

Eins og sjá má hér að ofan er að mörgu að hyggja í rekstri SÁÁ. Við höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga traust og trúnað íslensku þjóðarinnar allt frá stofnun samtakanna. Þetta kemur fram með ýmsu móti, við eigum sterkt bakland í félögum um land allt, fjáröflunarverkefni okkar ganga yfirleitt mjög vel og fólk jafnvel ánafnar okkur eignum sínum. Við höfum t.a.m. náð að endurbæta og viðhalda húsnæðinu á Vogu vegna slíkra gjafa. Við erum líka alltaf á tánum til að hámarka virði eigna okkar og gæta þess að þær nýtist sem allra best fyrir starfsemina.

SÁÁ er líka í samstarfi við mjög marga aðila sem á einhvern hátt tengjast starfseminni. SÁÁ er virkur aðili að Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Landsambandi heilbrigðisstofnana, svo dæmi séu nefnd, og tekur þátt í störfum þar.

Þá höfum við verið í miklum samskiptum við Samhjálp og Krýsuvíkursamtökin, kynntum okkur starf RKÍ og frú Ragnheiðar, skoðuðum neyslurými í Reykjavík og áttum í samtali við Matthildi, samtök um skaðaminnkun. SÁÁ heimsótti Hlaðgerðarkot og kynnti sér starfssemina þar.

SÁÁ hefur eðlilega mjög mikil samskipti við stéttarfélög starfsfólksins. Þau samskipti voru öll með besta móti á árinu 2024 en auðvitað eru í svo viðamikilli starfsemi ýmis mál sem þarfnast úrlausnar. Þau mál er öll í góðum farvegi.

Starfsemi SÁÁ byggir á sterkum grunni reynslu og þekkingar, en er jafnframt í sífelldri endurskoðun og þróun í takt við bestu vísindalegu þekkingu á hverjum tíma. Starfsfólk og stjórn samtakanna fylgjast náið með þróun í málaflokknum og vinna stöðugt að því að bæta meðferðarúrræði og þjónustu m.a. í virkri þátttöku í fagsamtökum eins og ASAM.

LOKAORÐ frh.

Árangurinn af þessu starfi er ótvíræður – bæði fyrir einstaklingana sem leita sér hjálpar, aðstandendur þeirra og fyrir samfélagið allt. Þegar einstaklingar ná bata frá fíknsjúkdómi opnast nýir möguleikar – allt annað líf. Það er markmið SÁÁ að skapa þau tækifæri, með virðingu, fagmennsku og samhug að leiðarljósi.

Ýmislegt hefur einnig verið gert til að auðvelda stoðdeildum SÁÁ að halda utan um fjárhagstjórn, mannauðsstjórn og gæðastjórn. MTP starfsmannakerfið var þróað áfram, Smart Finance kerfið tekið upp við launavinnslu og vinnuöryggis- og vinnuumhverfismál tekin föstum tókum. Skipt var um fjárhagskerfi til að hafa betri yfirsýn á hverjum tíma. Þá hefur sjúkraskrárkerfið verið þróað og endurbætt, ásamt því að komið er í gagnið rafræn innskráning í göngudeild og innleiðingu á því kerfi er lokið. Samningur var undirritaður við Signet Transfer fyrir rafræna móttöku gagna. Einnig hefur verið hafin innleiðing á rafrænu lyfjaumsýslukerfi í samvinnu við Skræðu.

Við höldum áfram – með von, ábyrgð og eldmóði – að vinna að því að veita þeim sem þurfa aðgang að meðferð við hæfi, fræðslu og aðstoð sem getur breytt lífi þeirra til framtíðar.





Ársrit SÁÁ 2024

Tölfræði úr
heilbrigðisþjónustunni



Sjúkrahúsið Vogur 2024 Innlagnarupplýsingar

Fjöldi, kyn, aldur og búseta




Sjúkrahúsið Vogur Heildartölur 1977-2024


- Innlagnir
 - 91.019
 - 26.788 (29,4%) konur, 64.220 (70,6%) karlar
 - 28.506; núlifandi 21.436*
 - 8.520 (29,9%) konur, 19.997 (70,1%) karlar
 - Núlifandi*: 6.635 (30,95%) konur, 14.800 (69,04%) karlar

*Lifandi 31.12.2024

Tíðni innlagna yfir ævina hjá núlifandi einstaklingum sem hafa komið á Vog 1977-2024




Fjöldi innritana og einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu 2006-2024




2024
1213
1518

Fjöldi einstaklinga í grunnmeðferðarþjónustu SÁÁ




Fjöldi innritana og einstaklinga eftir kyni á sjúkrahúsinu Vogu 2024

Innlagnir




■ Karl ■ Kona

Einstaklingar




■ Karl ■ Kona


Kynjahlutfall sjúklinga á sjúkrahúsinu Voggi 2011-2024



Fjöldi einstaklinga eftir aldurshópum á sjúkrahúsinu Vogu 2023 og 2024




Fjöldi einstaklinga á Voggi 2024 eftir aldurshópum. Samanburður við meðaltalsfjölda 2017-2019



Heilbrigðisumdæmi einstaklinga sem lögðust inn á Vog 2024




Afdrif eftir innlögn á Voggi 2024




■ Vík
 ■ Göngudeild
 ■ Önnur stofnun
 ■ Engin frekari sálfél. meðferð


Aðalvímuefnagreining (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog árið 2024.




Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog 2024




Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog 2023 og 2024




Hlutfall einstaklinga með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall einstaklinga 66 ára og eldri með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog, samanborið við alla




Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega 2000-2024




Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega, 50 ára og eldri 2018-2024



Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega 2000-2024



Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega, 50 ára og eldri 2018-2024







Sjúkrahúsið Vogur
Einstaklingar sem
komu, sáá-u og
sigruðu í fyrsta sinn
2024



Fjöldi einstaklinga sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall þeirra sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog, af öllum einstaklingum




Einstaklingar sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog 2024, eftir kyni


Fyrsta koma




Fyrsta koma sem kom aftur á árinu




Aldursdreifing einstaklinga sem koma í fyrstu meðferð á Vog. Samanburður 2024 og meðaltalsfjölda 2017-2019




Aðalvímuefnagreining (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog árið 2024.



Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog 2024



Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog 2019-2024







Sjúkrahúsið Vogur
Einstaklingar sem komu
aftur til að sáá og sigra
2024



Fjöldi einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog




Einstaklingar í endurkomu á sjúkrahúsið Vog 2024 eftir kyni


Hafa komið áður




Endurkoma innan árs frá síðustu innlögn




Fjöldi einstaklinga í endurkomu á Vog eftir aldurshópum 2022 og 2024



Aðalvímuefnagreiningar (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum í endurkomu á Vog árið 2024




Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum í endurkomu á sjúkrahúsið Vog 2024





Sjúkrahúsið Vogur
Ungmenni 25 ára og
yngri sem komu,
sáá-u og sigruðu
2024




Fjöldi innritana og einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogli




Fjöldi innritana og einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu, eftir kyni 2024




Fjöldi einstaklinga 25 ára og yngri sem komu í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall fyrstu komu af öllum 25 ára og yngri einstaklingum á sjúkrahúsinu Voggi




Hlutfall einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu sem koma aftur innan árs




Fjöldi einstaklinga sem hafa komið áður á Vog eftir aldurshópum (25 ára og yngri) 2022-2024




Aðalvímuefnagreiningar (hlutfallsleg skipting) hjá 25 ára og yngri sem komu á sjúkrahúsið Vog 2024



Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu 2024



Vímuefnagreiningar hjá 25 ára og yngri sjúkrahúsinu Vogu 2021-2024




Lyfjameðferð við ópíóíðafíkn Göngudeild Vogs


Þjónustuupplýsingar um
einstaklinga í lyfjameðferð SÁÁ við
ópíóíðafíkn




Fjöldi einstaklinga sem hafa notað einhverja ópíóíðategund á sjúkrahúsinu Vogu 2014-2024




Fjöldi einstaklinga með ópíóíðagreiningu á sjúkrahúsinu Vog 2014-2024




Greining ópíóíðafíknar á sjúkrahúsinu Vog 2000-2024




Þróun ópíóíðavanda á Sjúkrahúsinu Vogu frá 2000-2024




Ópíóíðagreining meðal allra einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu, 2019-2024




Ópíóíðagreining á sjúkrahúsinu Vogu 2017-2024




Fjöldi einstaklinga á ári sem fengu lyfjameðferð við ópíóíðafíkn



Einstaklingar í lyfjameðferð við ópióíðafíkn 2024



Neyslumynstur ópíóíða meðal einstaklinga með ópíóíðafíkn á sjúkrahúsinu Vogu






Sjúkrahúsið Vogur

Niðurstöður
gæðavísa 2024




Gæðavísir - aðgengi og biðtími eftir þjónustu

Biðtími eftir innlögn – beiðnir frá 2023 (innlagnir 23 eða 24)
(N=2064)




Gæðavísir - innlagnir og endurkomutíðni

Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum 2024




Gæðavísir - innlagnir og endurkomutíðni

Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum, 25 ára og yngri 2024




Gæðavísir - lok meðferðar

Lok meðferðar á Voggi - allir




Gæðavísir - lok meðferðar

Lok meðferðar á Vogu – Ungmennni (25 ára og yngri)




Gæðavísir - lok meðferðar

Lok meðferðar á Vogu – Ungmenni (25 ára og yngri) 2024



Gæðavísir - atvikaskráning

Atvikaskráning





Meðferðarstöðin Vík 2024


Þeir sem komu, sáá-u og
sigruðu í 28 daga
inniliggjandi
sálfélagslegri meðferð





Meðferðarstöðin Vík, Kjalarnesi

Ár	Innskriftir	Legudagar
2022	629	16921
2023	630	15962
2024	505	13574





Göngudeildir Von og Akureyri 2024

Þeir sem komu, sáá-u og
sigruðu í 3-12 mánaða
göngudeildarmeðferðum





Viðtöl

- Árið 2024 komu **1.564 einstaklingar** í **2.879 viðtöl** í göngudeildum SÁÁ.

Á pari við árið 2023 í fjölda viðtala en 15% færri einstaklingar sóttu viðtöl en árið á undan

- **911 Karlar (58%)** og 653 konur (42%) nýttu sér viðtöl í göngudeildum SÁÁ árið 2024
- Þar af komu 108 einstaklingar, 60 karlar (55%) og 48 konur (45%) í 176 viðtöl á Akureyri
- 214-362 viðtöl voru tekin mánaðarlega
- 62,5 viðtöl eru tekin vikulega
- 1,5 viðtali minna vikulega en árið 2023





Tegund viðtala

818 einstaklingar komu
1.029 sinnum í
greiningarviðtal (35%)

- 505 einstaklingar komu vegna áfengis og vímefnavanda (62%)
- 260 aðstandendur (32%)
- 53 einstaklingar komu vegna spilavanda (6%)

1.019 einstaklingar komu
1.850 sinnum (54%) í
ráðgjafaviðtal

- 878 einstaklingar komu vegna áfengis og vímuefnavanda (86,2%)
- 106 aðstandendur (10,4%)
- 35 vegna spilavanda (3,4%)



Meðferðarúrræði

- Árið 2024 komu 1.054 einstaklingar 9.242 sinnum í úrræði í göngudeildum SÁÁ, sem er 25% færri komur en árið á undan og 13,6% færri einstaklingar.*
- **Árið 2024 var ekki virkt ungmennastarf eins og á árinu 2023, samningar við Reykjavíkurborg voru ekki endurnýjaðir og því var Grettistak ekki á haustmánuði eins og undanfarin ár og heldri manna hópurinn varð gerður sjálfstæður og er því ekki inn í þjónustutölum nema fyrstu 3 mánuði ársins.*
- Skjólstæðingar sem sóttu meðferðarúrræði voru á aldrinum 16-86 ára og meðaldur þeirra 46 ára

- Vikulega eru um 200 komur að meðaltali í úrræði í göngudeildum SÁÁ
- 14 úrræði voru í boði í göngudeildum SÁÁ árið 2024

Grunnmeðferð

Grunnmeðferð	2023	2024
Einstaklingar	251	219
Komur	1.598	1.412
Meðferðarheldni	82,10%	84%
1 skipti	16 einstakl.	14 einstakl.
Aldursspönn	20-81	18-80
Meðalaldur	48	45,9
Ungmenni, 25 ára og yngri	9	6

Meðferðarhópur


Ár	2023	2024
Einstaklingar	332	307
Komur	2.953	2.703
Meðferðarheldni	59%	60%
3 skipti eða færri	21%	55%
Meðalaldur	48,3	46,7
Ungmennni	16	22

Spilameðferð SÁÁ

Þjónustuupplýsingar um einstaklinga í spilameðferð SÁÁ




Fjöldi einstaklinga í spilameðferð SÁÁ



Kynja – og aldurskipting í spilameðferð

Kynjahlutfall



Aldur:

Meðalaldur: 36,4 ár, spönn 20-70 ára

Karlar: meðalaldur 36,5 ár

Konur: meðalaldur 34,9 ár

Spilameðferð

48 einstaklingar (67,6%) mættu 3x eða sjaldnar

- Þar af voru 26 einstaklingar (36%) mættu eitt stakt skipti í spilameðferðina
- Um 20 manns (28%) sem sækja meðferðina reglulega
- 13 ungmenni yngri en 25 ára komu í spilameðferð
 - 7 sem komu eitt eða 2 skipti
 - 3 sem sækja meðferðina reglulega

Spilameðferð	2023	2024
Einstaklingar	68	71
Komur	323	331
3 skipti eða færri	52%	67,60%
Aldursspönn	20-68	20-70
Meðalaldur	34,8 ár	36,4 ár
Ungmenni	16	13

Sálfræðipjónusta barna:

Ár	Fjöldi viðtala	Fjöldi barna	Starfandi sálfræðingar
2024	736	128	1,9
2023	355	71	0,8
2022	818	159	1,8
2021	1163	216	2,7
2020	812	159	1,9



ÞARF
ALLS STAÐAR
AÐ VERA
VÍN?